

# Kennsluáætlun



Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Grundargötu 44 - 350 Grundarfjörður - Sími: 430 8400

Áfangi:	ÍSLE3BS05 Bókmenntir síðari alda Undanfari: ÍSLE3BF05
Kennari:	Erna Guðmundsdóttir
Önn:	Haustönn 2019
Áætlun unnin:	Ágúst 2019

## Markmið:

### Þekkingarmarkmið:

*Að nemendur hafi aflað sér þekkingar og skilnings á:*

- merkingu hugtakanna lærdómsöld, upplýsing, rómantík og raunsæi þegar fjallað er um bókmenntir
- áhrifum erlendrar menningarstrauma á íslenskar bókmenntir og málfar tímabilsins
- nokkrum helstu höfundum og verkum tímabilsins
- textum frá tímabilinu og átti sig á einkennum þeirra
- algengum bragreglum og helstu bragarháttum
- algengustu stílbrögðum í texta, bæði bundnu máli og óbundnu
- tökuorðum, slettur og slangri frá ýmsum tímum sögunnar
- helstu baráttumönnum íslenskrar málhreinsunar frá tímabilinu og skilji hvað felst í hugtakinu hreintungustefna
- vinni að bókmenntakynningum, m.a. til að vekja athygli á áhrifum tiltekinna menningarstrauma og –stefna á textana og málfarlegum einkennum þeirra

### Leiknimarkmið:

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í:*

- að greina mismunandi einkenni bókmennta frá tímabilinu 1550-1900
- að tjá sig í ræðu og riti um valin verk og höfunda
- að greina stílbrögð í texta
- að átta sig á mismunandi bragarháttum og bragreglum

### Hæfnimarkmið:

*Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- fjalla um höfunda og verk tímabilsins í ræðu og riti
- átta sig á áhrifum erlendra menningarstrauma á íslenskar bókmenntir

### sem metið er með:

Leiðsagnarmati. Fjórdungur (25%) einkunnar allra ritunarverkefni er fyrir réttitun og málfar.

<p><b>Námsefni:</b></p>	<p>Bragi Halldórsson, Knútur Hafsteinsson og Ólafur Oddson. 2005: <i>Ormurinn langi</i>. Bjartur, Reykjavík.</p> <p>Steinunn Jóhannesdóttir. <i>Reisubók Guðríðar Símonardóttur</i>. Annað efni í samráði við kennara.</p> <p><b>Handbækur og hjálparefni:</b></p> <p>Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal. 2010. <i>Handbók um ritun og frágang</i>. (10.útgáfa). Mál og menning, Reykjavík</p> <p>Kröfur FSN til verkefna- og ritgerðavinnu:  <a href="http://m3.fsn.is/course/view.php?id=43">http://m3.fsn.is/course/view.php?id=43</a></p> <p>Málið: <a href="https://malid.is/">https://malid.is/</a></p> <p><b>Ítarefni (þarf ekki að kaupa):</b></p> <p>Vésteinn Ólason (ritstj.). 1993. <i>Íslensk bókmenntasaga II</i>. Mál og menning, Reykjavík.</p> <p>Halldór Guðmundsson (ritstj.). 1996. <i>Íslensk bókmenntasaga III</i>. Mál og menning, Reykjavík.</p> <p>Óskar Halldórsson. 1977. <i>Bragur og ljóðstíll</i>. Rannsóknarstofnun í bókmenntafræði við Háskóla Íslands. Fræðirit I. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.</p>
<p><b>Námsmat:</b></p> <p>Námsmat byggir á leiðsagnarmati þar sem nemandinn fær endurgjöf á það sem vel er gert ásamt ábendingum um það sem betur má fara. Við námsmatið er nýtt kennaramat, sjálfsmat og jafningjamat. Matið fer að stærstum hluta fram í kennslustundum og ekki er gefið að öll verkefni nemenda gildi til einkunnar.</p> <p>Leitast er við að hafa námsmat sem fjölbreyttast til þess að sýna rétta mynd af þekkingu, leikni og hæfni nemenda.</p>	
<p>Prófseinkunn (%):</p>	<p>Tvö próf – munnleg og/eða skrifleg <span style="float: right;">35%</span></p>
<p>Verkefnaeinkunn (%):</p>	<p>Verkefni úr <i>Orminum langa</i>, ásamt lokaverkefni <span style="float: right;">40%</span></p> <p>Lestur og verkefni úr skáldsögum <span style="float: right;">25%</span></p>

Athugið að 25% af einkunn allra ritunarverkefna er fyrir réttritun, málfar og frágang. Því er mikilvægt að nýta tiltækar ritbjargir og handbækur.

## Skipulag náms:

### Námstilhögun:

Nám nemenda fer aðallega fram með verkefnavinnu og nemendur vinna ýmist einstaklingsverkefni eða hópverkefni. Verkefnum er skilað á fjölbreyttan hátt og verður símat alla önnina. Ekki er þó gefið að öll verkefni sem nemandi skilar, gildi til einkunnar.

Nánar um verkefni og yfirferð hvernar viku er hægt að sjá í kennslukerfinu (Moodle) en öll vinnan fer fram í gegnum kerfið. Mikilvægt er því að kunna að nota Moodle eða leita aðstoðar hjá kennurum og/eða samnemendum. Gerð er sú krafa að nemendur fari reglulega inn í kennslukerfið og lesi fyrirmæli og skilaboð sem þar eru sett.

### Um skilafrest og vanskil:

Nemandi í framhaldsskóla ber ábyrgð á eigin námi. Ákveðinn skiladagur er gefinn upp á öllum verkefnum það er því mjög mikilvægt að mæta í allar kannanir/próf og skila öllum verkefnum á réttum tíma. **Ekki** er tekið við verkefnum eftir auglýstan skilafrest. Sjá nánar reglur um skilafrest: <http://m3.fsn.is/>

**MJÖG MIKILVÆGT** er að þú hafir hugfast að ef þú missir af könnun EÐA tímaverkefni sem er á dagskrá ákveðinn dag og þú ert ekki skráð(ur) veik(ur) í Innu **MUNT ÞÚ EKKI FÁ** annað tækifæri til þess að ljúka prófinu eða tímaverkefninu. Standir þú hins vegar frammi fyrir vandamálum eða aðstæðum, sem þú ræður ekki við, vinsamlegast hafðu þá samband við kennara tímanlega FYRIR skráða dagsetningu.

Ætlast er til að nemendur geymi verkefni sín þannig að tryggt sé að hægt sé að skila verkefnum þó tölva nemanda sé ekki tiltæk.

### Um próf:

- Próf verða tvö, skrifleg og/eða munnleg

Vikuskema:	
Mánudagar →	08:30-09:20
Þriðjudagar →	14:35-15:25
Miðvikudagar →	09:35-10:25
Fimmtudagar →	12:35-13:25

Áætluð yfirferð:		
Vikur	Efni	Skil á verkefnum og próf
34. vika 18.-24. ág. <b>20. ág. – fyrsti kennslud.</b>	Kynning á áfanga, kröfum og vinnulagi. <b>Lærdómsöld 1550-1750</b> Siðaskipti og breytt heimsmynd. Oddur Gottskálksson: úr Nýja testamentinu (bls. 186-188) Páll Jónsson (Staðarhóls-Páll): Eikarlundurinn (bls.189-191) Einar Sigurðsson: Úr kvæði af stallinum kristí (bls. 191-194) Ólafur Egilsson: Úr reisubók sr. Ólafs Egilssonar (bls. 195-200)	
35. vika 25. – 31. ág.	<b>Lærdómsöld 1550-1750</b> Jón Ólafsson: Úr reisubók Jóns Ólafssonar Indíafara (bls. 201-205) Jón Magnússon: Úr píslasögu sr. Jóns Magnússonar (bls. 206-210)	
36. vika 1. -7. sept.	Lestur á <i>Reisubók Guðríðar Símonardóttur hefst</i> <b>Lærdómsöld 1550-1750</b> Hallgrímur Pétursson: Leirkarlsvísur, Ölerindi, (bls. 211.- 213) 25.Passíusálmur, 44.Passíusálmur, Um dauðans óvissa tíma (bls. 214- 226 Stefán Ólafsson: Svanasöngur, Meyjarmissir (bls. 227-232)	
37. vika 8.-14. sept.	<i>Reisubók Guðríðar Símonardóttur</i> <b>Lærdómsöld 1550-1750</b>	

	<p>Steinunn Finnsdóttir: Úr mansöngvum (bls. 233-234)</p> <p>Sigríður Jónsdóttir (Sigga skálda): Geðfró (bls. 235)</p> <p>Árni Magnússon: Úr bréfi til Orms sýslumanns Daðasonar (bls. 236-238)</p> <p>Jón Vídalín: Úr Vídalínspostillu (bls. 239-242)</p> <p>Björg Einarsdóttir (Látra-Björg): Fjörður, Staka (bls. 243)</p> <p>Sigríður Hallgrímsdóttir: Vetrarvísur (bls. 244)</p>	
<p>38. vika 15.-21. sept. <b>Framhaldsd. 17.-20. sept.</b></p>	<p><i>Reisubók Guðríðar Símonardóttur</i></p> <p><b>Upplýsingaöld 1750-1820</b></p> <p>Yfirlit (bls. 245-247)</p> <p>Björn Halldórsson: Úr Atla, Ævitíminn eyðist (bls. 248-251)</p> <p>Eggert Ólafsson: Úr Búnaðarbálki (munaðardæla) (bls. 252-256)</p>	
<p>39. vika 22.-28. sept. <b>23. og 24. sept. – námsmatsd. 25. sept. – 1. umsögn</b></p>	<p><i>Reisubók Guðríðar Símonardóttur</i></p> <p><b>Upplýsingaöld 1750-1820</b></p> <p>Jón Þorláksson: Hjónavers, Vakri-Skjóni, Rustareið, Úr Paradísarmissi Miltons (bls. 258-265)</p> <p>Magnús Stephensen: Upplýsingin (bls. 266-268)</p>	
<p>40. vika 29. sept. – 5. okt.</p>	<p><i>Reisubók Guðríðar Símonardóttur</i></p> <p><b>Rómantíska stefnan 1820-1900</b></p> <p>Yfirlit (bls. 269-271)</p> <p>Bjarni Thorarensen: Veturinn, Oddur Hjaltalín (bls. 272-279)</p> <p>Sveinbjörn Egilsson: Ei glóir æ á grænum lauki, Barnavísur (bls. 280-282).</p>	Próf úr lærdóms- og upplýsingaöld.
<p>41. vika 6.-12. okt.</p>	<p><i>Reisubók Guðríðar Símonardóttur</i></p> <p><b>Rómantíska stefnan 1820-1900</b></p> <p>Rósa Guðmundsdóttir (Vatnsenda-Rósa): Lausavísur (bls. 283-286)</p>	

	<p>Hjálmar Jónsson (Bólu-Hjálmar): Þjóðfundarsöngur 1851, Sálarskipið, Mér er orðið stirt um stef, Kveðið á jólum 1871 (bls. 287- 290)</p> <p>Sigurður Breiðfjörð: Númerímur, Hugvekja, Stökur og Brot (bls. 291- 297)</p>	
<p>42. vika 13.-19. okt.</p>	<p><b>Rómantíska stefnan 1820-1900</b> Guðný Jónsdóttir frá Klömbrum: Sit ég og syrgi (bls. 298-300) Jónas Hallgrímsson: Ísland, Gunnarshólmi (bls. 301-312) Fjölnismenn Jón Árnason: Miklabæjar-Solveig, Galdra-Loftur, Gilitrutt, Kirkjusmiðurinn á Reyni (bls. 313- 326)</p>	
<p>43. vika 20.-26. okt. <b>22.-25. okt.</b> <b>Framhaldsd.</b></p>	<p><i>Lestur síðari skáldsögu hefst</i></p> <p><b>Rómantíska stefnan 1820-1900</b> Jón Árnason: Miklabæjar-Solveig, Galdra-Loftur, Gilitrutt, Kirkjusmiðurinn á Reyni (bls. 313- 326) Grímur Thomsen: Á Glæsivöllum, Haustvísa, Endurminning (bls. 327- 331, 333)</p>	
<p>44. vika 27.okt.-2. nóv.</p>	<p><i>Lestur síðari skáldsögu</i></p> <p><b>Rómantíska stefnan 1820-1900</b> Steingrímur Thorsteinsson: Vorhvöt, Sorg og viska, Fornt og nýtt (bls. 334-337) Matthías Jochumsson: Börnin frá Hvammkoti, Sorg, Bragarbót (bls. 338-344)</p>	
<p>45. vika 3.-9. nóv. <b>7. og 8. nóv.</b> - <b>námsmatsd.</b></p>	<p><i>Lestur síðari skáldsögu</i></p> <p><b>Rómantíska stefnan 1820-1900</b> Júlíana Jónsdóttir: Sláttuvísur, Við dúnhreinsun (bls. 345-347)</p>	

	Kristján Jónsson Fjallaskáld: Dettifoss, Haust, Tárið, Óskin, Sjálflýsing, Óyndisormur (bls. 348-352)	
46. vika 10.-16. nóv. <b>11. nóv. – 2. umsögn</b>	<i>Lestur síðari skáldsögu</i>  <b>Raunsæisstefnan 1882-1900</b> Yfirlit (bls. 353-354) Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm: Selurinn (bls. 355-357) (Jón Stefánsson) Þorgils Gjallandi: Leidd í kirkju (358-363) Gestur Pálsson: Betlikerlingin, Hans Vöggur (bls. 364-370)	
47. vika 17.-23. nóv.	<i>Lestur síðari skáldsögu</i>  <b>Raunsæisstefnan 1882-1900</b> Stephan G. Stephansson: Jón Hrak, Fjallið Einbúi (bls. 371-377) Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum: Því geng ég svo alein?, Sólstöðupula (bls. 378-380) Þorsteinn Erlingsson: Arfurinn, Ef æskan vill rétta þér örvandi hönd (bls. 381-383)	
48. vika 24. -30.nóv.	<b>Raunsæisstefnan 1882-1900</b> Einar H. Kvaran: Vonir (bls. 384-407) Hannes Hafstein: Stormur, Ást og ótti (bls. 408-410)	Próf úr rómantík og raunsæi.
49. vika 1.– 7. des. <b>Framhaldsd. 2.-6. des.</b>	Lokaverkefni annar.	
50. vika 8.-14. des.	Námsmat Einkunnabirting 11. desember.	